

***Upplýsingar eftir
aðgerð með gervilið
Í mjöðm eða hné***

Hafið samband!

Vinsamlegast hafðu samband við hjúkrunarfræðing Orkuhússins hafir þú spurningar varðandi umbúðir, bólgu, verki, lyf eða blæðingu í síma 520-0110 milli kl. 08-16 virka daga. Á kvöldin eða um helgar er hægt að hringja á Læknavaktina í síma 1770 og 1700.

Gangi þér vel og góðan bata

Fyrir aðgerðina var þér afhentur upplýsingabæklingur um aðgerðina þína. Þar getur þú undir fyrirsögninni „Verkjastilling og niðurtröppun lyfja í áföngum“ og „Eftir heimkomu“ fengið svör við spurningum varðandi verkjastillingu, hreinlæti, hreyfingu og ýmsa fylgikvilla sem geta komið upp eftir aðgerð.

Ábyrgur læknir á aðgerðinni heitir:

Það þarf að láta fjarlægja heftin/saumana tveimur til þremur vikum eftir aðgerð á þinni heilsugæslu. Þú pantar sjálf/sjálfur tíma hjá heilsugæslu.

Þú færð endurkomutíma afhentan fyrir heimferð eða sendan heim með pósti. Sá tími verði um 8-10 vikum eftir aðgerð. Þú hittir þá lækinn sem framkvæmdi aðgerðina.

Til að draga úr hættu á blóðtappa skaltu taka Eliquis (Apixaban) í 10 daga eftir heimferð. Hafa skal í huga að morfinlyf sem þú tekur/hefur tekið geta valdið hægðatregðu. Hægt er að kaupa lausasölulyf við hægðatregðu í apótekinu ef meltingin fer ekki í gang. Góð ráð við þessum kvilla eru líka að drekka nóg, borða trefjaríkt fæði og hreyfa sig reglulega.

Það má fara í sturtu eins og venjulega með umbúðir á. Ef umbúðir eru þurrar ættu þær að vera þar til heftin eru fjarlægð.

Stundum gerist það að fóturinn bólgnar meira eftir heimkomu. Þá er gott að setja fótinn í hálegu til að minnka bólgu og verki. Gott er að setja fót í hálegu þar sem koddar er komið fyrir undir hælinn. Varast skal að setja koddar undir hnésbót. Það er heldur ekki óalgengt að mar sjáist nokkrum dögum eftir aðgerð, bæði í kringum aðgerðasvæðið og niður í fótlegginn.

Athugið vel:

Komi til skurðaðgerða síðar meir samfara því að sýking er í líkamanum þarf að hafa í huga að hætta er á að bakteríur dreifist með blóði til gerviliða. Til að forðast þennan alvarlega fylgikvilla er mælt með sýklalyfjavörn í tengslum við slíka aðgerð.